



## Umsögn

**Til: Borgarráðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

**Efni: Umsögn um tillögu um frítt í sund fyrir börn á grunnskólaaldri**

Vísað er til tillögu um frítt í sund fyrri börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022.

Tillagan gerir ráð fyrir að beinn kostnaður vegna ársins 2022 sé um 12 m.kr. og að óbeinn kostnaður vegna endurgreiðslna á sundkortum og miðum gæti verið allt að 7,4 m.kr. Vegna ársins 2023 er áætlað að kostnaður geti verið um 30 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemdir við kostnaðarmatið, það er í samræmi við svipaða útreikninga sem sviðið hefur áður sent frá sér. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að gott væri að setja ramma utan um það tímabil sem heimilt er að endurgreiða þegar keypt sundkort/miða og nái sá rammi inn á árið 2023 þá geti kostnaður vegna endurgreiðslu lent að hluta á því ári.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs